

**Sagnalist fyrir alla.** Námskeið á ensku.

**StoryTelling for all.**

**David Campbell og Ruth Kirkpatrick,** Skotlandi

Námskeiðið er opið öllum, jafnt þeim sem hafa reynslu og hinum sem eru að öðlast hana. Unnið verður með sjálfstraust í því að segja sögu og um leið horft á gildi sögunnar sem kennslutækis. Sem heilandi listsköpun, sem sendiherra menningar og sem gleði og skemmtun!

Sagnabanki **David Campbell** nær allt frá fornum keltneskum kviðum frá Írlandi og Skotlandi, í gegnum sögur af ævintýrum og ástum og yfir í gráglettnar gamansögur. David kemur fram reglulega á sagnahátíðum bæði heima og erlendis og er einn af stofnendum Scottish Storytelling Forum.

**Ruth Kirkpatrick** er kraftmikil sagnakona sem hefur náð til fjölbreytts hóps áheyrenda innan og utan Skotlands. Hún hefur sérstakt dálæti á sögum frá skosku fóruþólki og kryddar sögunnar sínar gjarnan með mállýskum og söngvum.

### Masterclass

**Innra augað** Námskeið á sænsku

**DET INRE ÖGAT**

**Mats Rehnman,** Svíþjóð

Hvað er það sem gerist þegar áheyrendur verða sem í draumi þegar maður segir sögur og hvað fær þá til að segja á eftir „Ég sá þetta allt fyrir mér“! Jú, þá hefur sagnamanninum tekist að að opna innra augað, það sem leiðir okkur dýpst í heim sagnamennskunnar. Námskeiðið er fyrir þig sem vilt þroska þitt innra auga og uppgötva hvernig maður skapar myndir í gegnum frásögnina. Við munum vinna með myndir af ólíkum toga, ekki bara þær sem verða til út frá orðunum, heldur líka þær sem líkaminn skynjar. Þar við bætast þær myndir sem eru allra sterkastar, þær sem spretta úr þögninni.

**Námskeiðið er sniðið að sagnafólki sem hefur reynslu.**

**Mats Rehnman** er myndlistarmaður og rithöfundur. Fyrir 20 árum uppgötvaði hann munnlega frásagnarlist og varð einn af frumkvöðlum í hreyfingu sagnamanna. Sem atvinnusagnamaður býr hann yfir mikilli reynslu af alls kyns uppkomum bæði heima í Svíþjóð og meðal sagnafólks um allan heim. Hann heldur námskeið og leiðbeinir allt frá uppeldisstarfsmönnum til reynslumikilla sagnamanna og frá prestum til leikara. Mats starfar með sagnahópnum Fabula og er listrænn stjórnandi Fabula sagnahátíðarinnar í Stokkhólmi.

☺ Fylgist með á [www.alfar.is](http://www.alfar.is) ☺

Skipuleggjendur: *Berglind Agnarsdóttir, Helga Hallgrímsdóttir, Sigurbjörg Karlsdóttir, Ingi Hans Jónsson og Sigurborg Kr. Hannesdóttir*

Styrkt af Norrænu ráðherranefndinni



**norden**

Nordisk Kulturfond

**Norrænt sagnaþing/námskeið á Íslandi**

**22/07- 27/07-2007**



Norræna sagnaþingið/námskeiðið fagnar 15 ára afmæli á árinu 2007 en sagnaþingin/námskeiðin hafa verið árlegur viðburður.

Norræna sagnaþingið/námskeiðið verður nú haldið í fyrsta sinn á Íslandi **að Reykjum í Hrútafirði** og byggir sagnaþingið/námskeiðið að mestu á æfingum og samveru sagnafólks. Allir eru velkomnir, bæði þeir sem hafa einhverja reynslu og hinir sem vilja feta fyrstu skrefin í því veki að upp sagnaþulinn sem býr í hverjum og einum.

**Sagnaþingið/námskeiðið fer að mestu fram á skandinavísku og ensku**

Í skólanum er aðgangur að sundlaug, nuddpotti og sauna.

Takið með ykkur sundföt og baðhandklæði

**Sunnudagur 22. júlí**

Skráning frá kl. 12.00

Léttur hádegisverður kl. 13.00-14.00

Setning kl.15.00

Sagnaþinginu/námskeiðinu lýkur föstudaginn 27. júlí kl. 9.00, að loknum morgunverði

Í heimavistinni á Reykjum er boðið upp á gistingu í uppþúnum eins eða tveggja manna herbergjum. Þátttakendur geta komið deginum fyrr, eða 21. júlí og gist þá nótt. Verð kr. 42.000 fyrir þingið/námskeið, gistingu í einsmanns herbergi og fullt fæði. Verð kr. 39.000 fyrir þingið/námskeið, gistingu í tveggja manna herbergi og fullt fæði. Verð fyrir maka kr. 30.000, gisting og fullt fæði og allt annað en námskeiðið. Aukanótt laugardag 21. júlí kr. 3.000 fyrir manninn. Kvöldverður kl. 18 og morgunverður innifalið. Rúta frá Reykjum til Reykjavíkur 27/7 kl. 9.00, verð kr. 1.000.

**Staðfestingargjald er kr. 10.000.**

**Athugið takmarkaður fjöldi þátttakenda í hverju námskeiði!!**

**Þegar staðfestingargjald hefur verið móttekið er send út staðfesting í tölvupósti. Þar sem þátttakendafjöldi er takmarkaður er mikilvægt að þú bókir og greiðir inn á eins fljótt og kostur er, til að tryggja þér pláss í þínu óskanámskeiði. ☺**

Lokagreiðsla þarf að berast mánuði áður en námskeiðið hefst.

Upplýsingar um gistingu, greiðslur og námskeiðin veitir

Helga Hallgrímsdóttir [helgahall57@hotmail.com](mailto:helgahall57@hotmail.com), sími 581 3933.

**Sagnalist með börnum** Námskeið á sænsku

## Berätta för barn

**Neppe Pettersson**, Finnland

Námskeiðið hentar jafnt þeim sem vinna daglega með sama hópi barna, þeim sem oft hitta nýja hópa barna og þeim sem hafa áhuga á börnum og frásagnarlist. Við munum byrja á grunni, sem er gagnlegt bæði fyrir þá sem eru að byrja og hina sem hafa reynslu.

Unnið verður út frá mismunandi aldurshópum, ”þau yngstu” (0-3 ára), ”miðlungar” (3-5 ára) og ”stóru börnin” (6-9 ára) og hvernig sagnamaðurinn lagar sig að aldurshópnum. Gott er að vita hvernig sögur maður velur, hvernig maður segir þær þannig að þær verði hvorki of erfiðar eða þungar og hvernig hægt er að skipuleggja sögustundina.

**Neppe Pettersson** er menntaður leikskólakennari og hefur unnið í 18 ár við sjónvarpsefni fyrir börn og í yfir 10 ár sem sagnakona, nú síðari árin í fullu starfi. Neppe segir bæði þeim allra yngstu og allra elstu sögur, gjarnan efni úr finnskri þjóðsagnahefð. Jafnframt heldur hún námskeið og fyrirlestra um munnlega sagnahefð í Finnlandi og á hinum Norðurlöndunum. <http://www.neppe.fi>

**Sagnabrunnar** Námskeið á dönsku

## Fortællingens kilder

**Else Abrahamsen**, Danmörk

Hvaðan koma sögurnar – sögurnar sem við sjálf sköpum?

Á námskeiðinu ausum við af tveimur brunnum, minningunni og ímyndunaraflinu. Og við blöndum saman efniviðnum, minningunni og ímyndunaraflinu í tilrauna-sagna-stofunni okkar, algjörlega eins og hentar viðkomandi sagnamanni.

Hvað fáum við ef við blöndum tveimur skömmtum af minningu með þremur skömmtum af ímynd? Eða öfugt. Hvernig verður skáldsagan, þegar hún litast af fólki, stöðum og minningum.

Við segjum sögur um eitthvað sem gerðist einu sinni – eða gæti í það minnsta hafa verið skemmtilegt, áhugavert eða spennandi, *ef* það hefði gerst. Í sagnastofunni eru allar sögur sannar, líka þær allra ótrúlegustu.

Hvaðan koma hugmyndirnar að sögunum?

Sögur eru sagðar og á þær hlustað. Lítil vísir að sögu sprettur í myndrænni merkingu, af litlu fræi, sem er kastað að jörðina. Nokkur af fræunum fá að liggja áfram og gæta sín sjálf. Nokkur þeirra spíra og skjóta rótum. Með þau hjálpuðum við hverju öðru með því að vökva og næra þannig að þau verði nógu stór til að hægt verði að klippa þau og forma eins og við viljum hafa þau.

**Else Abrahamsen** tekur nú í 12. sinn þátt í Norræna sagnabringinu og í þriðja sinn sem námskeiðsleiðbeinandi.

Í sögum sínum blandar hún minningum og ímyndun þannig að úr verða „sannfærandi lygasögur og lýgilegar minningar” og á námskeiðum sínum kennir hún fullorðnum að draga fram / skapa sínar eigin sögur.

**Einu sinni var !!** Námskeið á íslensku

**Berglind Agnarsdóttir og Sigurbjörg Karlsdóttir**, Ísland

Námskeið fyrir þá sem eru að byrja að segja sögur. Á námskeiðinu verða kennd undirstöðuatriði sagnalista. **Engin reynsla nauðsynleg.**

**Berglind Agnarsdóttir** er leikskólakennari og hefur langa reynslu á sviði sagnalista bæði sem leiðbeinandi og sagnaþulur.

**Sigurbjörg Karlsdóttir** er leiðsögumaður og sagnaþulur. Sigurbjörg er eigandi fyrirtækisins “Horft í hamarinn” sem leiðir ferðamenn og segir sögur. Hún hefur einnig haldið nokkur námskeið um sagnamennsku.

**Sagnalist kennarans** Námskeið á norsku

## Þrjú námskeið í einu!

### Den fortellende pedagog

#### Tre kurs i ett!

**Hilde Eskild** og **Benedicte Hambro**, Noregur

#### 1. Fjernhakkere og olfaktiller.

Með einföldum og skemmtilegum æfingum getur þú sem kennari fengið nemendur þína til að nota ímyndunaraflid, leika sér með orð og skapa stórkostlegar sögur. Þú getur skapað notalegt rými fyrir upplifanir hópsins, austan við sól og vestan við mána. Sagnaæfingarnar eru góðar leiðir í kennslu. Ímyndunarafl hvers og eins er einstakt og æfingarnar bjóða alltaf upp á að allir geta tekið þátt á sínum forsendum. Við prófum æfingar, hugmyndir og nálgun. Markmiðið er að fá nemendur (og aðra sem hafa áhuga á sagnamennsku) til að þora að treysta eigin orðum og – ekki síst – því að þeir hafi frá einhverju að segja.

#### 2. Hróa Hattar aðferðin

Hvernig getum við notað sögur bæði í hversdeginum og við sérstök tækifæri? Hvaða sögur henta hvenær? Hvernig komum við að, þeim sögum sem okkur langar til að segja? Eru til alhliða sögur sem hægt er að nota við öll tækifæri? Eru til þær aðstæður þegar það á ekki við að segja sögu? Við deilum sögum hvert með öðru gefum hverju öðru ábendingar og ræðum um aðstæður. Við vinnum að því að útvíkka efnisskrána okkar og að gera þær sögur sem við kunnum, aðgengilegar.

#### 3. Beinagrindur og kjötið á beinin?

Hvernig munum við sögu?

Hvernig fáum við sögu til að lifna við?

Hvernig náum við til áheyrendanna?

Hvernig virkar þú og sagan á áheyrendur? - hvort heldur það eru nemendur eða aðrir?

Við munum munum fá tækifæri til að æfa okkur.

Við munum vinna að því að styrkja aðferðir sagnamannsins.

Við gefum hvert öðru viðbrögð / svörum við vali á sögum og frásögninni.

**Hilde Eskild** er aðalstarfi kennari í grunnskóla í Lillesand auk þess að vera kennari við uppeldismiðstöðina í Kristiansand. Hún hefur einnig kennt í lýðháskóla.

**Benedicte Hambro** kennir við lýðháskóla í Ringerike og kennaradeild háskólans í Buskerud. Þá hefur hún kennt í sagnamannanámi við háskólann í Osló.

Hámark 16 þátttakendur. Kostur ef fólk hefur einhverja reynslu.